

Sjálf límandi tússtöflufilma fyrir skjávarpa

Lítill gljái fyrir minna endurkast

Smart Self Adhesive Whiteboard Film – Low Sheen Projection

Endurhannaðu vinnusvæðið með hágæða sjálf límandi filmu sem býr til skjávarpamyndflöt og tússtöflu. Auðveld í uppsetningu og strax tilbúin til notkunar; tússtöflufilma fyrir skjávarpa hentar öllum þeim sem leita einfaldari lausna en þeirra hefðbundnu, s.s. að kaupa nýjar tússtöflur og sérstök skjáþjöld.

Með tússtöflufilmunni má endurnýja lúnar tússtöflur og gamlar krítartöflur og breyta þeim í fyrsta flokks tússtöflur sem virka einnig sem myndfletir fyrir skjávarpa. Einnig má umbreyta ýmsum flötum á skrifstofunni (ekki veggjum) í svæði sem styðja sköpun og framtakssemi, svo fremi sem undirlagið er slétt, s.s. veggþiljum, hurðum og húsgögnum.

- 5 ára ábyrgð
- Engin skugga- eða blettamyndun
- Ekki þörf á fagmanni til uppsetningar
- Sjálf límandi
- Tekur aðeins mínútur í uppsetningu
- Strax tilbúið til notkunar
- Tilvalið til endurnýjunar gamalla krítar- og tússtaflna
- Laus við leysiefni, isocyanates og VOC (rokjörn lífræn efni)
- Brunavottað með Fire - Euroclass B

Tæknilegar upplýsingar

Flatarmál / Stærð / Þyngd

10 m² / 1.22 m x 8.25 m / 5.4 kg

5 m² / 1.22 m x 4.12 m / 2.7 kg

2 m² / 1.22 m x 1.64 m / 2.5 kg

Þykkt filmu: 0.15 mm

Litur: Hvítt

Gljái: Háflglans (41 GU við 60°)

Endurkast skjáljóss: 1.1 við 120°

VOC: Laus við VOC, leysiefni og isocyanates



Vottun: Fire - Euroclass B

Viðeigandi fletir: Skrifborð, húsgögn, gler, veggspjöld, skilrúm, gamlar krítar- og tússtöflur eða allir sléttir, ógljúpir fletir

Innihald

10 m² og 5 m² pakkar

- 1 x Sjálf límmandi tússtöflufilma fyrir skjávarpa
- 1 x Veggfóðurspaði
- 1 x Par hanskar
- 1 x Örtrefja töflupúði
- 1 x Límmiði
- 1 x Leiðbeiningabæklingur

2 m² pakki

- 1 x Sjálf límmandi tússtöflufilma fyrir skjávarpa
- 1 x Örtrefjaklútur
- 1 x Leiðbeiningabæklingur

Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, ógljúpur og fastur í sér. Mælt er með að þrifa flötinn með fituhreinsi, t.d. Målartvätt frá Nordsjö
- Mælið flötinn og skerið filmuna að þeirri stærð sem er óskað eftir. Passið að skilja eftir 2 cm umfram það sem þarf
- Leggið filmuna á flötinn án þess að fjarlægja pappírinn af límhliðinni. Það getur hjálpað að nota málalalímband til að halda filmunni í réttri stöðu
- Byrjið að fjarlægja pappírinn á bakhliðinni jafnt á öðrum enda í 8-10 cm bútum
- Þrýstið filmunni varlega jafnt og þétt á meðan pappírinn er dreginn burt undan filmunni
- Notið veggfóðurspaðann til að ná öllu lofti undan filmunni áður en er haldið áfram með næsta 8-10 cm búti
- Haldið svona áfram þangað til að filman er komin yfir allan flötinn. Rennið yfir með spaðanum til að tryggja að það séu engar loftbólur í fletinum
- Notið dúkahníf til að skera filmuna sem er umfram
- Á stærri fleti sem þurfa meira en eina filmu:
 - Komið fyrstu filmunni fyrir eins og frá er greint að ofan án þess að fjarlægja miðann



- Leggið næstu filmu að þannig að 3 cm skarast yfir þá sem fyrir er
- Skerið með beittum hníf í gegnum bæði lög á miðjunni þar sem filmurnar skarast
- Þegar filman hefur verið límd á skal renna upp og niður yfir samskeytin með veggfóðurspaða

Leiðbeiningamyndband: <https://www.youtube.com/watch?v=l7rTb2ID-tI>

